# Reginn hf.

## Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar
## 1. janúar til 30. september 2022

Reginn hf.
Hagasmára 1
201 Kópavogur

kt. 630109-1080

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra ........................................ | 3 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ........................................ | 5 |
| Efnahagsreikningur ........................................ | 6 |
| Eiginfjáryfirlit ........................................ | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit ........................................ | 8 |
| Skýringar ........................................ | 9 |
| Ársfjórðungsyfirlit ........................................ | 16 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Starfsemi Regins hf. er fólgin í eignarhaldi, uppbyggingu, útleigu og rekstri á fasteignum undir atvinnustarfsemi, s.s. verslun og þjónustu, iðnað, skrifstofu, íþrótta og afþreyingastarfsemi. Ennfremur sala á þjónustu tengdri útleigu og fasteignarekstri s.s. ræstingar, húsvarsla, viðhald og almenn fasteignaumsjón.

Árshlutareikningur Regins hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2022 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Regins hf. og dótturfélaga. Árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

## Rekstur og fjárhagsstaða

Hagnaður af rekstri félagsins á tímabilinu nam 4.587 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Heildareignir samstæðunnar námu 183.085 millj. kr. í lok tímabilsins samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé félagsins var 55.633 millj. kr. að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 1.809 millj. kr. Eiginfjárhlutfall félagsins var 30,4% í lok september 2022.

Rekstrartekjur samstæðu Regins hf. námu 8.868 millj. kr. á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2022 samanborið við 7.965 millj. kr. fyrir sama tímabil á árinu 2021.

Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir matsbreytingu á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2022 var 6.116 millj. kr. samanborið við 5.497 millj. kr. árið áður.

## Fjárfesting í félögum

Þann 3. desember 2021 undirritaði Reginn hf. samning um áskrift að hlutafé í fasteignaþróunarfélaginu Klasa ehf. Eins og tilkynnt var þann 24. september 2021 undirritaði Reginn hf. viljayfirlýsingu við Haga hf., Klasa ehf. og KLS eignarhaldsfélag ehf., þáverandi eiganda Klasa ehf., um uppbyggingu og rekstur öflugs fasteignaþróunarfélags. Þann 10. júní 2022 undirrituðu Hagar hf. og Samkeppniseftirlitið sátt vegna viðskiptanna og voru þau staðfest af Samkeppniseftirlitinu í kjölfarið. Þann 31. ágúst 2022 voru viðskiptin framkvæmd og Reginn hf. varð eigandi þriðjungs hlutafjár Klasa ehf. Nánar er fjallað um viðskiptin og um kaup á nýju hlutafé í Klasa ehf. í skýringu 11.

## Horfur

Það er mat stjórnar og stjórnenda að einhver óvissa sé í þróun efnahagsmála í landinu sem getur haft áhrif á getu einstaka leigutaka til að standa við skuldbindingar sínar.

Stríðsátök í Úkraínu hafa haft áhrif á innlent efnahagslíf síðustu mánuði, þá sér í lagi lengri afgreiðslutíma einstaka aðfanga sem getur haft áhrif á framkvæmdir félagsins. Eftirspurn eftir leiguhúsnæði hefur hins vegar haldist stöðug sem skýrist m.a. af vexti í komu ferðamanna til landsins og auknum umsvifum efnahagslífsins.

Hækkun vaxta, verðlags og verðbólguhorfur hafa bein áhrif á rekstrartekjur og - gjöld félagsins til hækkunar. Það er mat stjórnar og stjórnenda að samsetning leigutaka dragi verulega úr áhættu á auknum vanskilum þrátt fyrir hækkun á leigu til viðskiptavina félagsins. Leigutekjur félagsins eru að langmestum hluta verðtryggðar. Stærsti einstaki kostnaðarliður félagsins, að fjármagnsgjöldum undanskildum, eru fasteignagjöld og hækkun þeirra fyrir árið 2023 liggur fyrir, en hækkunin nemur um 9,8% á milli ára.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. september 2022 og rekstrarafkomu hennar sem og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2022.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Regins hf. hafa í dag rætt um árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2022 og staðfest hann með undirritun sinni.

Kópavogur, 3. nóvember 2022.

Í stjórn félagsins:

Forstjóri:

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu
# 1. janúar - 30. september 2022

| | Skýr. | Þriðji ársfjórðungur 2022 1.7.-30.9. | Þriðji ársfjórðungur 2021 1.7.-30.9. | Þrír fjórðungar 2022 1.1.-30.9. | Þrír fjórðungar 2021 1.1.-30.9. |
|---|---|---|---|---|---|
| Leigutekjur | | 2.937 | 2.590 | 8.356 | 7.500 |
| Tekjur vegna rekstrar í fasteignum | | 171 | 162 | 512 | 465 |
| Rekstrartekjur | 5,6 | 3.108 | 2.752 | 8.868 | 7.965 |
| Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna | | ( 544) | ( 509) | ( 1.717) | ( 1.556) |
| Rekstur í fasteignum | | ( 231) | ( 157) | ( 625) | ( 545) |
| Stjórnunarkostnaður | | ( 127) | ( 113) | ( 410) | ( 367) |
| Rekstrarkostnaður | 5,7 | ( 902) | ( 779) | ( 2.752) | ( 2.468) |
| Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu | | 2.206 | 1.973 | 6.116 | 5.497 |
| Matsbreyting fjárfestingareigna | 5,9 | 2.321 | 1.174 | 8.650 | 5.088 |
| Söluhagnaður fjárfestingareigna | | 78 | 35 | 127 | 164 |
| Afskriftir eigna til eigin nota | | ( 5) | 1 | ( 14) | ( 10) |
| Rekstrarhagnaður | | 4.600 | 3.183 | 14.879 | 10.739 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | | | |
| Fjármunatekjur | | 2 | 25 | 20 | 53 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 3.448) | ( 1.733) | ( 9.165) | ( 5.266) |
| Hrein fjármagnsgjöld | 8 | ( 3.446) | ( 1.708) | ( 9.145) | ( 5.213) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 1.154 | 1.475 | 5.734 | 5.526 |
| Tekjuskattur | | ( 231) | ( 295) | ( 1.147) | ( 1.105) |
| **Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins** | | 923 | 1.180 | 4.587 | 4.421 |
| **Skipting hagnaðar / heildarhagnaðar** | | | | | |
| Hluthafar móðurfélags | | 923 | 1.178 | 4.587 | 4.420 |
| Hlutdeild minnihluta | | 0 | 2 | 0 | 1 |
| **Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins** | | 923 | 1.180 | 4.587 | 4.421 |
| **Hagnaður á hlut:** | | | | | |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut | | 0,51 | 0,65 | 2,54 | 2,43 |

Skýringar á bls. 9 - 15 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Efnahagsreikningur 30. september 2022

| | Skýr. | 30.9.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Fjárfestingareignir | 5,9 | 175.777 | 161.142 |
| Eignir til eigin nota | | 250 | 224 |
| Leigudreifing | | 541 | 699 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | 11 | 4.347 | 0 |
| Fastafjármunir | | 180.915 | 162.065 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 648 | 843 |
| Leigudreifing | | 16 | 24 |
| Óinnheimt söluverð | | 215 | 66 |
| Handbært fé | | 1.291 | 3.034 |
| Veltufjármunir | | 2.170 | 3.967 |
| **Eignir samtals** | | 183.085 | 166.032 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 1.809 | 1.823 |
| Varasjóðir | | 16.100 | 16.586 |
| Bundinn hlutdeildarreikningur | | 33.251 | 31.894 |
| Óráðstafað eigið fé | | 4.473 | 2.740 |
| Eigið fé | | 55.633 | 53.043 |
| **Skuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 10 | 93.634 | 87.064 |
| Leiguskuldir | | 3.162 | 3.172 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 13.258 | 12.120 |
| Aðrar langtímaskuldir | 11 | 890 | 0 |
| Langtímaskuldir | | 110.944 | 102.356 |
| Vaxtaberandi skuldir | 10 | 14.944 | 9.022 |
| Næsta árs afborganir leiguskulda | | 168 | 151 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | | 1.396 | 1.460 |
| Skammtímaskuldir | | 16.508 | 10.633 |
| Skuldir samtals | | 127.452 | 112.989 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 183.085 | 166.032 |

Skýringar á bls. 9 - 15 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Eiginfjáryfirlit 1. janúar - 30. september 2022

| | Hlutafé | Varasjóðir | Bundinn hlutdeildar-reikningur | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé hluthafa Regins hf. | Hlutdeild minni-hluta | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar til 30. september 2021** | | | | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2021 .................... | 1.823 | 16.586 | 23.874 | 4.589 | 46.872 | | 46.872 |
| Hlutdeild minnihluta ....................... | | | | | | 1 | 1 |
| Heildarhagnaður tímabilsins ........... | | | | 4.420 | 4.420 | 1 | 4.421 |
| Fært á bundið eigið fé ..................... | | | 5.651 | ( 5.651) | | | 0 |
| Eigið fé 30. september 2021 .......... | 1.823 | 16.586 | 29.525 | 3.358 | 51.292 | 2 | 51.294 |
| | | | | | | | |
| **1. janúar til 30. september 2022** | | | | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2022 .................... | 1.823 | 16.586 | 31.894 | 2.740 | 53.043 | 0 | 53.043 |
| Heildarhagnaður tímabilsins ........... | | | | 4.587 | 4.587 | | 4.587 |
| Fært á bundið eigið fé ..................... | | | 7.357 | ( 7.357) | | | 0 |
| Kaup á eigin bréfum ....................... | ( 14) | ( 486) | | | ( 500) | | ( 500) |
| Arðgreiðsla (0,82 kr. á hlut) ............ | | | | ( 1.497) | ( 1.497) | | ( 1.497) |
| Arðgreiðsla móttekin frá dótturfélögum ............................ | | | ( 6.000) | 6.000 | | | 0 |
| Eigið fé 30. september 2022 .......... | 1.809 | 16.100 | 33.251 | 4.473 | 55.633 | 0 | 55.633 |

Skýringar á bls. 9 - 15 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar - 30. september 2022

| | Skýr. | 2022 1.1.-30.9. | 2021 1.1.-30.9. |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins | | 4.587 | 4.421 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Matsbreyting fjárfestingareigna | | ( 8.650) | ( 5.088) |
| Söluhagnaður fjárfestingareigna | | ( 127) | ( 164) |
| Afskriftir eigna til eigin nota | | 14 | 10 |
| Hrein fjármagnsgjöld | | 9.145 | 5.213 |
| Tekjuskattur | | 1.147 | 1.105 |
| | | 6.116 | 5.497 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum | | 361 | ( 190) |
| Breyting á rekstrartengdum skuldum | | ( 69) | 114 |
| Handbært fé frá rekstri fyrir vexti | | 6.408 | 5.421 |
| Innheimtar vaxtatekjur | | 20 | 53 |
| Greidd vaxtagjöld | | ( 2.450) | ( 2.595) |
| Greitt uppgreiðslugjald | | 0 | ( 138) |
| Greiddir vextir af leiguskuld | | ( 126) | ( 125) |
| Handbært fé frá rekstri | | 3.852 | 2.616 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í fjárfestingareignum | 9 | ( 11.107) | ( 3.424) |
| Söluverð fjárfestingareigna | 9 | 4.887 | 1.037 |
| Fjárfesting í hlutdeildarfélögum | 11 | ( 3.022) | 0 |
| Móttekinn arður frá hlutdeildarfélagi | | 196 | 0 |
| Fjárfesting í eignum til eigin nota | | ( 40) | ( 24) |
| Aðrar skammtímakröfur, breyting | | 69 | 646 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 9.016) | ( 1.765) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Kaup á eigin bréfum | | ( 500) | 0 |
| Greiddur arður | | ( 1.497) | 0 |
| Tekin ný langtímalán | 10 | 7.302 | 31.154 |
| Afborganir og uppgreiðsla vaxtaberandi langtímaskulda | 10 | ( 1.767) | ( 32.658) |
| Afborganir leiguskulda | | ( 117) | ( 105) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 3.421 | ( 1.609) |
| **Breyting á handbæru fé** | | ( 1.743) | ( 758) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 3.034 | 3.630 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | | 1.291 | 2.872 |
| **Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa** | | | |
| Fjárfesting í hlutdeildarfélögum | 11 | ( 890) | 0 |
| Aðrar langtímaskuldir | 11 | 890 | 0 |
| Óinnheimt söluverð fjárfestingareigna | 9 | ( 215) | 0 |
| Söluverð fjárfestingareigna | 9 | 215 | 0 |
| Fjárfesting í fjárfestingareignum | 9 | 0 | ( 3.817) |
| Yfirteknar skuldir við kaup á félögum | 10 | 0 | 3.817 |

Skýringar á bls. 9 - 15 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Reginn hf., "félagið", er með aðsetur að Hagasmára 1 í Kópavogi. Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2022 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar" og til einstakra félaga sem "samstæðufélaga".

Félagið er almenningshlutafélag og skráð í Kauphöll Íslands (NASDAQ Iceland hf.).

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2021.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn með undirritun sinni þann 3. nóvember 2022.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2021. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef þess www.reginn.is.

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins, og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að fjárfestingareignir samstæðunnar eru metnar á gangvirði.

Mismunur á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda er óverulegur.

## 4. Mat stjórnenda í reikningsskilum

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir þar sem reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir eigna er að finna í skýringu 9 - mat á fjárfestingareignum.

## 5. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttayfirlit veitir upplýsingar um einstaka þætti í rekstri félagsins. Starfsemi skiptist í þrjá þætti sem byggja á skipuriti félagsins. Starfsþættirnir skiptast eftir eignum og ræður ráðandi starfsemi í eigninni flokkuninni. Þróunareignum er haldið aðskildum þar til þær eru orðnar tekjuberandi.

Starfsþættir:

- Verslun og þjónusta
- Samstarfs- og leiguverkefni með opinberum aðilum
- Atvinnuhúsnæði og almennur markaður

**5. Starfsþáttayfirlit frh.:**
**Starfsþáttayfirlit 1.1 - 30.9.2022**

| | Verslun og þjónusta | Samstarfs-verkefni | Atvinnu-húsnæði | Þróunar-eignir | Annað | Jöfnun | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Leigutekjur | 2.527 | 2.629 | 3.180 | 20 | 0 | 0 | 8.356 |
| Rekstur í fasteignum | 293 | 219 | 0 | 0 | 141 | ( 141) | 512 |
| Rekstrartekjur | 2.820 | 2.848 | 3.180 | 20 | 141 | ( 141) | 8.868 |
| Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna | ( 696) | ( 339) | ( 673) | ( 9) | 0 | 0 | ( 1.717) |
| Rekstur í fasteignum | ( 375) | ( 250) | 0 | 0 | 0 | 0 | ( 625) |
| Stjórnunarkostnaður | ( 43) | ( 44) | ( 53) | 0 | ( 411) | 141 | ( 410) |
| Rekstrarkostnaður | ( 1.114) | ( 633) | ( 726) | ( 9) | ( 411) | 141 | ( 2.752) |
| Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu | 1.706 | 2.215 | 2.454 | 11 | ( 270) | 0 | 6.116 |
| Matsbreyting fjárfestingareigna | 2.150 | 1.865 | 4.018 | 617 | 0 | 0 | 8.650 |
| Söluhagnaður fjárfestingareigna | 2 | 71 | 54 | 0 | 0 | 0 | 127 |
| Afskriftir eigna til eigin nota | 0 | 0 | 0 | 0 | ( 14) | 0 | ( 14) |
| Rekstrarhagnaður | 3.858 | 4.151 | 6.526 | 628 | ( 284) | 0 | 14.879 |
| Hrein fjármagnsgjöld | | | | | | | ( 9.145) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | | | | | | 5.734 |
| Tekjuskattur | | | | | | | ( 1.147) |
| Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins | | | | | | | 4.587 |

**Staða 30. september 2022**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjárfestingareignir í eigu samstæðunnar | 52.223 | 47.552 | 66.382 | 6.291 | 0 | 0 | 172.448 |

**5. Starfsþáttayfirlit frh.:**
**Starfsþáttayfirlit 1.1 - 30.9.2021**

| | Verslun og þjónusta | Samstarfs- verkefni | Atvinnu- húsnæði | Þróunar- eignir | Annað | Jöfnun | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Leigutekjur | 2.212 | 2.294 | 2.994 | 0 | 0 | 0 | 7.500 |
| Rekstur í fasteignum | 261 | 204 | 0 | 0 | 131 | ( 131) | 465 |
| Rekstrartekjur | 2.473 | 2.498 | 2.994 | 0 | 131 | ( 131) | 7.965 |
| Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna | ( 620) | ( 307) | ( 629) | 0 | 0 | 0 | ( 1.556) |
| Rekstur í fasteignum | ( 330) | ( 215) | 0 | 0 | 0 | 0 | ( 545) |
| Stjórnunarkostnaður | ( 39) | ( 40) | ( 52) | 0 | ( 367) | 131 | ( 367) |
| Rekstrarkostnaður | ( 989) | ( 562) | ( 681) | 0 | ( 367) | 131 | ( 2.468) |
| Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu | 1.484 | 1.936 | 2.313 | 0 | ( 236) | 0 | 5.497 |
| Matsbreyting fjárfestingareigna | 1.439 | 1.391 | 2.253 | 5 | 0 | 0 | 5.088 |
| Söluhagnaður fjárfestingareigna | 15 | 0 | 17 | 132 | 0 | 0 | 164 |
| Afskriftir eigna til eigin nota | 0 | 0 | 0 | 0 | ( 10) | 0 | ( 10) |
| Rekstrarhagnaður | 2.938 | 3.327 | 4.583 | 137 | ( 246) | 0 | 10.739 |
| Hrein fjármagnsgjöld | | | | | | | ( 5.213) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | | | | | | 5.526 |
| Tekjuskattur | | | | | | | ( 1.105) |
| Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins | | | | | | | 4.421 |

**Staða 30. september 2021**

| | Verslun og þjónusta | Samstarfs- verkefni | Atvinnu- húsnæði | Þróunar- eignir | Annað | Jöfnun | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjárfestingareignir í eigu samstæðunnar | 48.431 | 44.999 | 57.159 | 4.520 | 0 | 0 | 155.109 |

## 6. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

| | 2022<br>1.1.-30.9. | 2021<br>1.1.-30.9. |
|---|---|---|
| Leigutekjur af leigusamningum | 8.522 | 7.343 |
| Dreifðar leigutekjur | ( 166) | 157 |
| Leigutekjur samtals | 8.356 | 7.500 |
| Tekjur vegna rekstrar í fasteignum | 512 | 465 |
| Rekstrartekjur samtals | 8.868 | 7.965 |

## 7. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:

| | 2022<br>1.1.-30.9. | 2021<br>1.1.-30.9. |
|---|---|---|
| Fasteignagjöld, vatns- og fráveitugjöld | 1.215 | 1.184 |
| Tryggingar | 127 | 116 |
| Viðhald og endurbætur | 261 | 234 |
| Orkukostnaður og sorphirða | 107 | 96 |
| Afskriftir og niðurfærsla krafna | 55 | 8 |
| Gjaldfærð laun í rekstri | 781 | 680 |
| Annar rekstrarkostnaður | 206 | 150 |
| Rekstrarkostnaður samtals | 2.752 | 2.468 |

## 8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | 2022<br>1.1.-30.9. | 2021<br>1.1.-30.9. |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 20 | 53 |
| Vaxtagjöld | ( 2.433) | ( 2.397) |
| Eignfærðir vextir | 373 | 102 |
| Lántökukostnaður | ( 16) | ( 223) |
| Uppgreiðslugjald | 0 | ( 138) |
| Vextir af leiguskuldum | ( 126) | ( 125) |
| Verðbætur | ( 6.963) | ( 2.485) |
| Fjármagnsgjöld samtals | ( 9.165) | ( 5.266) |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 9.145) | ( 5.213) |

Eignfærðir vextir eru vegna eigna sem eru í byggingu eða unnið er að verulegum endurbótum á og eru ekki í útleigu. Vaxtaútreikningur tekur mið af meðalkjörum á verðtryggðri fjármögnun félagsins á hverjum tíma og voru þau um 3,5% á tímabilinu.

## 9. Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir samstæðunnar eru metnar á gangvirði á reikningsskiladegi í samræmi við alþjóðlegu reikningsskilastaðlana IAS 40 Fjárfestingareignir og IFRS 13 Mat á gangvirði, þróunareignir sem ekki er unnt að áætla gangvirði með áreiðanlegum hætti eru færðar á kostnaðarverði. Félagið hefur áður flokkað eignarhluti í hlutdeildarfélögum og eignarhluti í öðrum félögum sem hluta af fjárfestingareignum. Hlutdeildareignir eru nú færðar sem sér liður í efnahagsreikning í kjölfar kaupa á þriðjungs hlut í Klasa ehf. Allar fjárfestingareignir falla undir stig 3 í flokkunarkerfi gangvirðsmats, sem felur í sér að matið byggir ekki á fáanlegum markaðsupplýsingum. Við mat á fjárfestingareignum er stuðst við núvirt framtíðar sjóðsflæði einstakra eigna. Sjóðstreymislíkanið byggir á frjálsu sjóðstreymi til samstæðunnar sem er núvirt með veginni ávöxtunarkröfu fjármagns sem gerð er til félagsins (WACC). Sjóðsflæðisáætlun í líkaninu er til 30 ára.  Mat á fjárfestingareignum er unnið af starfsmönnum móðurfélagsins og er byggt á sömu matsaðferð og árið áður.

**9. Fjárfestingareignir frh.:**

Ávöxtunarkrafa eigin fjár er metin út frá CAPM (Capital Asset Pricing Model) líkaninu þar sem byggt er á áhættulausum verðtryggðum vöxtum. Sem viðmiðun á áhættulausum vöxtum er byggt á 3 mánaða meðaltali ávöxtunarkröfu langs verðtryggðs ríkistryggðs skuldabréfs. Til viðbótar áhættulausum vöxtum kemur álag til að mæta þeirri áhættu sem fylgir undirliggjandi rekstri félagsins á hverjum tíma.

Innifalið í mati á fjárfestingareignum eru innréttingar og aðrir fylgihlutir sem nauðsynlegir eru til að tryggja tekjuflæði eignanna. Byggt er á forsendum við ákvörðun gangvirðis fjárfestingaeigna sem háðar eru mati stjórnenda og því kann raunverulegt söluverð að vera frábrugðið matinu.

Fjárfestingareignir greinast þannig:

| | Fjárfestingar-eignir í eigu samstæðunnar | Leigu-eignir | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Bókfært verð** | | | |
| Staða 1.1.2022 | 157.819 | 3.323 | 161.142 |
| Fært sem eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | (642) | 0 | (642) |
| Fjárfesting á tímabilinu | 11.479 | 0 | 11.479 |
| Selt á tímabilinu | (5.102) | 0 | (5.102) |
| Breyting vegna endurmats leiguskulda | 0 | 123 | 123 |
| Matsbreyting tímabilsins | 8.766 | (116) | 8.650 |
| Söluhagnaður af seldum eignum | 127 | 0 | 127 |
| Staða 30.9.2022 | 172.448 | 3.330 | 175.777 |
| | | | |
| **Bókfært verð** | | | |
| Staða 1.1.2021 | 143.446 | 3.732 | 147.178 |
| Fjárfesting á tímabilinu | 8.524 | 0 | 8.524 |
| Selt á tímabilinu | (1.454) | 0 | (1.454) |
| Breyting vegna endurmats leiguskulda | 0 | (268) | (268) |
| Matsbreyting tímabilsins | 7.076 | (141) | 6.935 |
| Söluhagnaður af seldum eignum | 227 | 0 | 227 |
| Staða 31.12.2021 | 157.819 | 3.323 | 161.142 |

***Sundurliðun fjárfestingareigna í eigu samstæðunnar 30.9.2022:***

| | Verslunar-húsnæði | Skrifstofu-húsnæði | Iðnaðar- og geymslu-húsnæði | Hótel | Heilsa, menntun og afþreying | Þróunar-eignir | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Bókfært verð** | | | | | | | |
| Staða 1.1. | 46.596 | 59.150 | 13.491 | 11.343 | 22.328 | 4.911 | 157.819 |
| Endurflokkun | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | (642) | (642) |
| Fjárfesting á árinu | 903 | 1.783 | 589 | 5.074 | 164 | 2.966 | 11.479 |
| Selt á árinu | (385) | (1.781) | (1.091) | 5 | (288) | (1.562) | (5.102) |
| Matsbreyting ársins | 2.043 | 3.380 | 726 | 1.230 | 770 | 617 | 8.766 |
| Söluhagnaður/-tap | 2 | 99 | (45) | (5) | 76 | 0 | 127 |
| Staða 30.9. | 49.159 | 62.631 | 13.670 | 17.647 | 23.050 | 6.291 | 172.448 |
| Veginn fjármagnskostnaður án skattspörunar (WACC) | 5,9% | 5,9% | 6,4% | 6,3% | 5,6% | | 5,9% |

| | Hækkun | Lækkun |
|---|---|---|
| **Næmisgreining gangvirðis:** | | |
| Hækkun (lækkun) leigutekna um 5% | 10.551 | (10.551) |
| Lækkun (hækkun) á ávöxtunarkröfu um 0,5%-stig | 11.494 | (10.329) |

## 9. Fjárfestingareignir frh.:

***Sundurliðun fjárfestingareigna í eigu samstæðunnar 31.12.2021:***

| | Verslunar-húsnæði | Skrifstofu-húsnæði | Iðnaðar- og geymslu-húsnæði | Hótel | Heilsa, menntun og afþreying | Þróunar-eignir | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Bókfært verð** | | | | | | | |
| Staða 1.1. .............................. | 43.734 | 53.115 | 13.139 | 10.672 | 17.511 | 5.275 | 143.446 |
| Endurflokkun ......................... | 0 | 2.766 | 0 | 0 | 0 | ( 2.766) | 0 |
| Fjárfesting á árinu .................. | 606 | 979 | 266 | 32 | 3.865 | 2.776 | 8.524 |
| Selt á árinu ........................... | ( 97) | ( 25) | ( 625) | ( 196) | 0 | ( 511) | ( 1.454) |
| Matsbreyting ársins ............... | 2.337 | 2.317 | 625 | 840 | 952 | 5 | 7.076 |
| Söluhagnaður/-tap ................ | 16 | ( 2) | 86 | ( 5) | 0 | 132 | 227 |
| Staða 31.12. .......................... | 46.596 | 59.150 | 13.491 | 11.343 | 22.328 | 4.911 | 157.819 |
| Veginn fjármagnskostnaður án skattspörunar (WACC) ..... | 5,7% | 5,7% | 6,2% | 6,2% | 5,5% | | 5,8% |

| | Hækkun | Lækkun |
|---|---|---|
| **Næmisgreining gangvirðis:** | | |
| Hækkun (lækkun) leigutekna um 5% .......................................................................... | 10.034 | ( 10.034) |
| Lækkun (hækkun) á ávöxtunarkröfu um 0,5%-stig ................................................................ | 11.594 | ( 9.991) |

## 10. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

| | 30.9.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Grænar útgáfur undir skuldabréfaramma ........................................................................ | 24.816 | 23.662 |
| Græn bankalán ........................................................................................................ | 8.389 | 8.066 |
| Grænar vaxtaberandi skuldir ........................................................................................ | 33.205 | 31.728 |
| Aðrar skuldabréfaútgáfur á markaði ................................................................................ | 42.705 | 37.424 |
| Aðrar skuldir við lánastofnanir ...................................................................................... | 25.156 | 19.883 |
| Aðrar vaxtaberandi skuldir .......................................................................................... | 7.459 | 7.004 |
| Vaxtaberandi skuldir án lántökukostnaðar ........................................................................ | 108.525 | 96.039 |
| Skuld- (eign-) færður lántökukostnaður .......................................................................... | 53 | 47 |
| Vaxtaberandi skuldir ................................................................................................ | 108.578 | 96.086 |
| Næsta árs afborganir vaxtaberandi skulda ........................................................................ | ( 14.944) | ( 9.022) |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals ............................................................................ | 93.634 | 87.064 |

Samstæðan hefur samið um skammtímalán og voru ónýttar lánsheimildir 4.700 millj. kr. í lok tímabilsins.

Breytingar vaxtaberandi skulda á árinu greinast þannig:

| | 30.9.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Vaxtaberandi skuldir 1. janúar ...................................................................................... | 96.039 | 90.925 |
| Ný lántaka ............................................................................................................ | 7.302 | 31.157 |
| Yfirtekin lán .......................................................................................................... | 0 | 3.783 |
| Afborganir og uppgreiðsla lána ..................................................................................... | ( 1.767) | ( 33.219) |
| Breytingar á eignfærðum lántökukostnaði ......................................................................... | ( 12) | ( 249) |
| Verðbætur ............................................................................................................ | 6.963 | 3.642 |
| Vaxtaberandi skuldir í lok tímabils ................................................................................ | 108.525 | 96.039 |

## 11. Breytingar á samstæðunni

**Kaup Regins hf. á hlutafé í Klasa ehf.**

Reginn hf. undirritaði áskriftarsamning um áskrift að hlutafé í fasteignaþróunarfélaginu Klasa ehf., sbr. tilkynningu félagsins til Kauphallar þann 3. desember 2021. Áður hafði félagið undirritað viljayfirlýsingu við Haga hf., Klasa ehf. og KLS eignarhaldsfélag ehf., þáverandi eiganda Klasa ehf., um uppbyggingu og rekstur öflugs fasteignaþróunarfélags. Reginn hf. greiddi fyrir sinn hlut í Klasa ehf. með eignasafni sem samanstendur af sölu- og þróunareignum. Nánar tiltekið er um að ræða 16 tekjuberandi fasteignir og 4 þróunarreiti sem staðsettir eru við Smáralind, Lágmúla, Garðahraun og Tjarnavelli. Hluti tekjuberandi eignanna var seldur og söluandvirði þeirra, sem nam um 1.100 millj. kr., var hluti viðskiptanna. Framlag Regins hf. til viðskiptanna er metið á 3.912 millj. kr. og er hlutur Regins hf. í Klasa ehf. 1/3 af útgefnu hlutafé, líkt og eignarhlutur Haga hf. og KLS eignarhaldsfélags ehf. Með framlagi Regins hf. og Haga hf. verður heildarumfang þróunareigna Klasa ehf. nálægt 280 þúsund fermetrum, auk fasteigna í útleigu sem hugsaðar eru til sölu eða frekari þróunar. Verðmæti undirliggjandi eigna Klasa ehf. eftir viðskiptin var um 14,8 ma.kr. og eiginfjárhlutfall félagsins í upphafi um 78%. Þann 10. júní 2022 undirrituðu Hagar hf. og Samkeppniseftirlitið sátt vegna viðskiptanna og voru þau staðfest af Samkeppniseftirlitinu í kjölfarið. Viðskiptin gengu í gegn þann 31. ágúst 2022. Tómas Kristjánsson, stjórnarformaður Regins hf., er jafnframt annar aðaleigandi KLS eignarhaldsfélags ehf. og situr í stjórn Klasa ehf.

Áhrif viðskiptanna á hagnað fyrir tekjuskatt eru 651 millj. kr. og komu þau að fullu fram í virðismati fjárfestingareigna 30. júní 2022. Bókfært virði eignarhlutar í Klasa ehf. er 3.912 millj. kr.

# Ársfjórðungsyfirlit

| | 3F 2022 | 2F 2022 | 1F 2022 | 4F 2021 | 3F 2021 |
|---|---|---|---|---|---|
| Leigutekjur | 2.937 | 2.783 | 2.636 | 2.874 | 2.590 |
| Tekjur vegna rekstrar í fasteignum | 171 | 175 | 166 | 176 | 162 |
| Rekstrartekjur | 3.108 | 2.958 | 2.802 | 3.050 | 2.752 |
| | | | | | |
| Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna | ( 544) | ( 599) | ( 574) | ( 554) | ( 509) |
| Rekstur í fasteignum | ( 231) | ( 195) | ( 199) | ( 217) | ( 157) |
| Stjórnunarkostnaður | ( 127) | ( 137) | ( 146) | ( 165) | ( 113) |
| Rekstrarkostnaður | ( 902) | ( 931) | ( 919) | ( 936) | ( 779) |
| | | | | | |
| Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu | 2.206 | 2.027 | 1.883 | 2.114 | 1.973 |
| | | | | | |
| Matsbreyting fjárfestingareigna | 2.321 | 3.902 | 2.427 | 1.847 | 1.174 |
| Söluhagnaður | 78 | ( 5) | 54 | 63 | 35 |
| Afskriftir eigna til eigin nota | ( 5) | ( 4) | ( 5) | ( 5) | 1 |
| | | | | | |
| Rekstrarhagnaður | 4.600 | 5.920 | 4.359 | 4.019 | 3.189 |
| | | | | | |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | | | |
| Fjármunatekjur | 2 | 14 | 4 | 18 | 25 |
| Fjármagnsgjöld | ( 3.448) | ( 3.311) | ( 2.406) | ( 1.814) | ( 1.733) |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 3.446) | ( 3.297) | ( 2.402) | ( 1.796) | ( 1.708) |
| | | | | | |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | 1.154 | 2.623 | 1.957 | 2.223 | 1.475 |
| Tekjuskattur | ( 231) | ( 525) | ( 391) | ( 472) | ( 295) |
| | | | | | |
| **Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins** | 923 | 2.098 | 1.566 | 1.751 | 1.180 |
| | | | | | |
| **Skipting hagnaðar / heildarhagnaðar** | | | | | |
| Hluthafar móðurfélags | 923 | 2.098 | 1.566 | 1.752 | 1.178 |
| Hlutdeild minnihluta | 0 | 0 | 0 | ( 1) | 2 |
| Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins | 923 | 2.098 | 1.566 | 1.751 | 1.180 |
| | | | | | |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut | 0,51 | 1,16 | 0,86 | 0,96 | 0,65 |